


Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 22 júlí 2022
Mátnr. 202207031

Skipulags- og
byggingarfulltrúi



ÖLFUS

Þorlákshöfn, 22. júlí 2022
Málsnúmer: 2207029 GJ
Kt. umsk. 5902695149

Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn, íceland
+354 480 8800 olfus.is

Á 36. fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss 21.7.2022 sl., var neðangreint erindi tekið fyrir.


Umsögn um vetnisstöð á Hellisheiði

Skipulagsstofnun biður um umsögn vegna matsspurningar sem fjallar um fyrirhugaða vetnisframleiðslustöð við Hellisheiðarvirkjun. Í stöðinni er ætlunin að nýta umfram raforku sem framleidd er í Hellisheiðarvirkjun á lágannatímum til þess að framleiðavetni úr vatni með rafgreiningu. Afurðina er hægt að nýta sem eldsneyti.

Afgreiðsla: Skipulags- og umhverfisnefnd telur að ekki sé ástæða til að framkvæmdin fari í umhverfismat, enda er hún til þess fallin að minnka heildar kolefnisfótspor þjóðarinnar og er þar með jákvæð fyrir umhverfið.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar


Gunnlaugur Jóhannsson
skipulagsfulltrúi Ölfuss




Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

sigurdur.asbjornsson@skipulag.is
skipulag@skipulag.is



Selfossi, 22. ágúst 2022
1906116HS SG

Efni: Væðing á Hellisheiði - Tilkynning um framkvæmd

Þann 13. júlí sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bréf Skipulagsstofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna væðingarmála Hellisheiðarvirkjun, 816 Ölfusi.

Von hefur verið rekið sem þronunarverkefni en nú er fyrirséð að Von muni starfsa áfarm að minnsta kosti einhver ár. Um er að ræða búnað fyrir væðingarmál í tveimur gámum á steypu plani annar hýsir rafbúnað ásamt vatnshreinsibúnaði og stjórnherbergi, en í hinum er rafgreinir sem framleiðir vetnið ásamt söfnunargeymi og þjöppu. Jafnframt er opið svæði á steypu plani þar sem ýmis hjálparbúnaður er staðsettur ásamt spennistöð. Staðin hefur verið gangsett tvisvar í mánuði einn dag í senn sem samsvara framleiðslu um það bil 100 kg af vetni á ári. Hámarksframleiðslugeta stöðvarinnar er um 130 tonn á ári. Getur það magn annað eftirspurn um 700 fólkabíla.

Markmið þessa verkefnis er að nýta betur þær auðlindir sem þegar hafa verið beislaðar m.a. með því að nýta raforku sem framleidd er í Hellisheiðarvirkjun á þeim tíma sólarhrings sem eftirspurn eftir rafmagni er í lagmarki. Jafnframt er markmiðið að auka enn framboð á vistvænum orkugjöfum til samgangna.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir tæða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

56



Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir framleiðslu á vetni skv. viðauka I í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.


Hins vegar veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfsleyfi fyrir gasbirgðastöðvar skv. viðauka IV í ofangreindum lögum og reglugerð.

Hellisheiðarvirkjun og vatnsveita hennar starfa skv. starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	26
Málnr.:	27 júlí 2022
202207031	



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 26. júlí 2022
MÍ202207-0112/ 6.07 / K.M.

Efni: Vetnisstöð á Hellisheiði.

Minjastofnun Íslands hefur móttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 13. júlí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Orka náttúrunnar (ON) hefur rekið vetnisframleiðslustöðina VON við Tæknigarða á Hellisheiði síðan árið 2020. Með stöðinni er ætlunin að nýta umfram raforku sem framleidd er í Hellisheiðarvirkjun á lágannatímum til þess að framleiða vetni úr vatni með rafgreiningu. Afurðina er hægt að nýta sem eldsneyti. Vetnisstöðin sem hér um ræðir hefur þegar verið sett upp á byggingarreit Hellisheiðarvirkjunar. Stöðin hefur framleitt um það bil 3.000 kg af vetni á ári. Hámarksafköst stöðvarinnar eru þó um 130.000 kg á ári. Búnaður stöðvarinnar er hýstur í tveimur gámum á steyptri plötu. Við framleiðsluna er notast við raforku frá Hellisheiðarvirkjun og kalt vatn úr vatnsveitu virkjunarinnar. Við rafgreininguna verður til súrefni sem er hleypt út í andrúmsloftið og vetni sem þjappað er á kúta.

Vetnisstöðin stendur á röskuðu svæði vestan við stöðvarhús Hellisheiðarvirkjunar. Eins og fram kemur í skýrslu framkvæmdaraðilans hafa fornleifar verið skráðar á þessu svæði og þær eru merktar inn á skipulag. Fyrirhuguð framkvæmd kemur ekki til með að raska fornleifum.


Minjastofnun telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu áhrifasvæði vetnisstöðvarinnar á Hellisheiði. Rekstur stöðvarinnar mun ekki hafa áhrif á fornleifar. Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins.*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands




Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Sigurður Ásbjörnsson (sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 8. ágúst 2022
Málsnúmer: 202207-0025
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu vetnisstöðvar á Hellsheiði

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 13. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort stofnunin teldi framkvæmd Orku Náttúrunnar á framleiðslu vetnis með rafgreiningu á Hellsheiði vera háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við 20. grein laga nr. 111/2021.


Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn um framkvæmdina og í ljósi fagsviðs stofnunarinnar er ekki talið að framkvæmdin eigi að vera háð umhverfisáhrifum.

Vetnisstöðin hefur þegar verið í rekstri í tilraunaskyni og framkvæmd við uppsetningu hennar því lokið. Stöðin er starfrækt inni á iðnaðarsvæði Hellsheiðarvirkjunar og engu gróðurlendi eða jarðminjum hefur sérstaklega verið raskað við uppsetninguna. Lítil sem engin úrgangsmýndun er við framleiðsluna og ekki heldur losun mengunarefna. Þeir umhverfisþættir sem vega þyngst tengjast ekkert eða lítið fagssviði Náttúrufræðistofnunar og stofnunin gerir því ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍKReykjavík, 26. ágúst 2022
Tilvísun: OS2022070026/20.3
Verknúmer: 3051380**Efni: Matsskylda vetnisstöðvar ON á Hellisheiði**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 13. júlí 2022, þar sem óskað er umsgagnar Orkustofnunar um hvort og þá á hvaða forsendum stofnunin telji að fyrirhuguð framleiðsla vetnis með rafgreiningu á iðnaðarsvæðinu við Hellisheiðarvirkjun, Sveitarfélaginu Ölfus, skuli háð umhverfismati með vísun til 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 og 9. gr. reglugerðar, nr. 1381/2021, umhverfismat framkvæmda og áætlana, og að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum. Óskað er eftir því að í umsögn sé lagt mat á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið Orkustofnunar.


Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum. Með auðlindum er í lögnum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Grunnvatn er skv. auðlindalögum skilgreint sem vatn neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt er því háð framangreindu leyfi Orkustofnunar. Tilgreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar.

Samkvæmt lýsingu í erindi framkvæmdaraðila verður hvorki um að ræða aukna töku grunnvatns né jarðhita vegna þeirrar starfsemi sem hér er tilgreind heldur rúmist hún innan heimilda í virkjunarleyfi Hellisheiðarvirkjunar (leyfi OS-2018-L005-01). Starfsemin er því ekki háð leyfisveitingum af hendi Orkustofnunar. Þá mun hún vera í samræmi við samþykkt aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus og deiliskipulag Hellisheiðarvirkjunar.


Í því ljósi gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlögð gögn. Stofnunin tekur fram að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati. Þá tekur stofnunin ekki afstöðu til umsókna um beintengingu við virkjun í Jarðhitagarði við Hellisheiðavirkjun og þeirra skilyrða sem gerðar eru til slíkrar starfsemi samkvæmt raforkulögum.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar ef slík erindi bærust stofnuninni á síðari stigum.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri




Hanna Björg Koppásdóttir
lögfræðingur



UMHVERFIS
STOFNUN

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Reykjavík, 26. ágúst 2022
UST202207-160/A.Þ.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurn - vetnisstöð á Hellisheiði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 13. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin sem hér um ræðir er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Málshraðaviðmið stofnunarinnar vegna útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

Framkvæmdarlýsing

Orka náttúrunnar ohf. (hér eftir nefnd rekstraraðili) hefur rekið vetnisframleiðslustöðina VON við Tæknigarða á Hellisheiði síðan árið 2020.

Stöðin hefur hingað til verið rekin sem hluti af þróunarverkefni á vegum ESB. Í tilkynningarskýrslu kemur fram að vetnisstöðin starfi núna skv. tímabundnu starfsleyfi Umhverfisstofnunar sem veitt var á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin heimilaði að starfsemin hæfist án starfsleyfis í september 2019 en heimildin var framlengd ári síðar og gildi til 19. janúar 2021. Þar sem rafgreining vatns til vetnisframleiðslu er talin þekkt tækni taldi stofnunin ekki rétt að skilgreina lengri þróunartíma. Rekstraraðili fékk því starfsleyfi fyrir stöðinni þann 7. janúar 2021 sbr. 6. gr. reglugerðarinnar fyrir tæplega 100 tonna framleiðslu á vetni á ári sem gildir til 31. desember nk.

Nú áformar rekstraraðili að sækja um starfsleyfi til framleiðslu á 130 tonnum af vetni á ári á þeim stað og með þeim búnaði sem þegar hefur verið settur upp við Hellisheiðarvirkjun.

Í vetnisstöðinni er raforka nýtt til framleiðslu á vetni á lágannatímum (þ.e. þegar eftirspurn eftir rafmagni er lítil). Búnaðurinn er hýstur í tveimur gámum á steyptri plötu. Við framleiðsluna er notast við raforku frá Hellisheiðarvirkjun og kalt vatn úr vatnsveitu virkjunarinnar. Við rafgreininguna verður til súrefni sem hleypt er út í andrúmsloftið og vetni sem þjappað er á kúta.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Samkvæmt tilkynningarskýrslu eru helstu neikvæðu áhrif starfseminnar áhrif á hljóðvist vegna reksturs kælivifta og á heilsu og öryggi vegna sprengi- og eldhættu. Lagðar eru

fram mótvægisáðgerðir til að lágmarka líkur á neikvæðum áhrifum. Framkvæmdin er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á loftgæði en með henni fæst umhverfissvænna eldsneyti sem felur í sér minni losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats muni í þessu tilfalli ekki varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin uppfylli þau skilyrði sem sett verða í nýju starfsleyfi og verði byggð á bestu aðgengilegu tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Sigurður Ingason
sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegur 166
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 19.8.2022
Tilvísun: 202207-0110/6.01.04

Varðandi
VON Vetnistöð ON á Helliheiði.

Vísað er til erindis Skipulagstofnunar dags 13 júlí þar sem óskað er eftir umsögn Vinnueftirlitsins um mat á umhverfisáhrifum.

Mat á umhverfisáhrifum vetnistöðvarinnar varðar ekki hlutverk Vinnueftirlitsins. Leiðbeinandi álit Vinnueftirlitsins er að umfang starfseminnar og eðli efnanna sé þannig að umhverfishætta sé hverfandi.

Vinnueftirlitið tekur fram að verja þarf starfsmenn fyrir skaðlegum áhrifum efna, þ.m.t. útstreymi vetnis, súrefnis og brennisteinsvetnis. Fylgjast þarf með magni efnanna í vinnuumhverfinu og tryggja að styrkur sé innan marka sem getið er í reglugerðum nr. 390/2009 og reglum nr. 429/1995. Jafnframt þarf að tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar m.t.t sprengihættu í samræmi við reglugerð nr. 394/2004.

Virðingarfyllt,
f.h. Vinnueftirlits ríkisins


Katrín D Þorsteinsdóttir


Agúst Agústsson